

TÍMARIT MIÐFLOKKSINS Í MOSFELLSBÆ - 1. TBL. 9. ÁRG - MAÍ 2026

SPYRNA 2026



Miðflokkurinn er allra
Sveinn Óskar Sigurðsson
Börnin okkar og bærinn þinn
Ingibjörg Einarsdóttir
Aukum valfrelsi foreldra
Sóley Sævarsdóttir Meyer
Andleg líðan ungs fólks
Kristján Davíð Sigurjónsson
Tafir í skipulagi hækka húsnæðisverð
Karl Gissur Þórisson



SPYRNA

www.midflokkurinn.is
mosfellsbaer@midflokkurinn.is

Útgefandi: Miðflokksdeildin í Mosfellsbæ

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Ásgeir Pétursson, formaður Miðflokksdeildarinnar í Mosfellsbæ

Ritstjórn:

Nói Prastarson, Danith Chan og Eyþór Bjarki Benediktsson

Prentun: Ísafoldprentsmiðja. **Upplag:** 5000 eintök.

Umbrot og hönnun: Amicus ehf. **Dreifing:**

Miðflokksdeild Mosfellsbæjar. **Próförk:** Sigurjón Kristjánsson.

Í FRÉTTUM ER
ÞETTA HELST!

Ágrip frá ritstjóra



Sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí næstkomandi. Ég hvet Mosfellinga til að nýta kosningarétt sinn og taka virkan þátt í að móta framtíð samfélagsins okkar. Sem bóndi í Helgadal í Mosfellsbæ þekki ég vel mikilvægi ábyrgðar, hagsýni og umhyggju fyrir nærumhverfi okkar. Þá hef ég einnig áratuga reynslu sem fyrrum skipstjóri, þar sem ég sigldi um úthöfin til margra landa og heimsálfa í misjöfnum veðrum. Sú reynsla hefur kennt mér að meta skýra sýn, festu í ákvarðanatöku og mikilvægi traustrar stjórnunar. Miðflokkurinn stendur fyrir þessi gildi – ábyrgð, skynsemi og umhyggju fyrir fólki.

Ég hvet Mosfellinga til að mæta á kjörstað og styðja Miðflokkinn.

Ásgeir Pétursson



Sveinn Óskar Sigurðsson
1. sæti Miðflokksins í Mosfellsbæ

Miðflokkurinn er allra

EINSTAKUR BÆR

Mosfellsbær er einstakur staður þar sem náttúra og mannlíf mætast í fallegu jafnvægi. Hér lifum við í nálægð við hafið sem gefur okkur kraft, fjöllin sem minna okkur á rætur okkar og sveitina þar sem haldið er í hefðir og ró. En það sem skiptir mestu máli er fólkið – samheldið, kraftmikið og tilbúið að byggja upp samfélag þar sem öllum líður vel.

Við viljum standa vörð um þessi gildi. Hlúa að umhverfinu, styrkja innviði og tryggja að Mosfellsbær haldi áfram að vera góður staður að búa í, starfa og ala upp komandi kynslóðir. Með samvinnu, skýrri sýn og ábyrgð getum við þróað bæinn okkar til betri vega á mannlegum og traustum grunni. Mosfellsbær – heimili þar sem náttúra og samfélag ganga hönd í hönd.

Kjóstu Miðflokkinn fyrir þína velferð, trausta stjórn og ábyrgan rekstur.



Ingibjörg Einarsdóttir
2. sæti Miðflokksins í Mosfellsbæ

Börninn okkar og bærinn þinn

VIRKARI VERND

Börn þurfa að finna til öryggis og tilheyra. Þau þurfa foreldra sem hafa svigrúm til að vera til staðar – og kerfi sem styður við þau þegar þörfin er. Í Mosfellsbæ höfum við öflugan barnavernd og góða skóla. En við vitum líka að of mörg börn bíða of lengi eftir stuðningi. Of margar fjölskyldur rekast á vegg þegar þær leita hjálpar. Þetta þarf að breytast.

Ég vil sjá bæ þar sem snemmtæk íhlutun er í fyrirrúmi – þar sem við grípum inn áður en vandinn verður of þungur. Þróum samfélag þar sem foreldrar fá stuðning án þess að þurfa að berjast fyrir honum, samfélag þar sem ekkert barn fellur á milli kerfa.

Börnin eru framtíð Mosfellsbæjar. Við berum sameiginlega ábyrgð á að þau blómstri.



xM MOSFELLSBÆR



SVEITASTJÓRNARKOSNINGAR 16. MAÍ 2026

Börnin fyrst. Alltaf.

Raunhæfar lausnir. Ábyrg fjármálastjórn þar sem áætlanir standa. Þjónusta sem skilar sér - ekki loforð sem verða aldrei efnð.

Börn og fjölskyldur

Valfrelsi foreldra barna í skólum. **Sálgæsla** í skólunum sjálfum. **Snemmtæk íhlutun** og virkari úrræði hér heima í Mosfellsbæ. **Samskiptastöð** vegna barna. **Barátta gegn einsemd barna.**

Samgöngur í lag

Tryggja með óyggjandi hætti tengingu (T2) upp á **Korpúlfsstaðarveg** úr Blikastaðahverfi. **Undirgöng** undir Baugshlíð fyrir öryggið. **Sundabraut** verði að veruleika. **Borgarlínan** verði sett á ís enda óhagstæð. **Forgagnsraða**, þróa stofnvegakerfið.

Eldri borgarar

Fríkort í grunníþróttir. **Fjölbreyttara úrval** af dægurstyttingu. **Unnið á einmannaleika.** Bæta stuðning við að **vera lengur heima.** **Biðrymi** fyrir hjúkrunarheimilavist. Ýtt við **nýju hjúkrunarheimili.**

Ábyrg fjármál og stjórnsýsla skilvirk

Stöðva framúrkeyrslu í Mosfellsbæ hjá núverandi meirihluta. **Yfirbygging stjórnsýslu** umtalsverð. **Miðflokkurinn skorast ekki undan ábyrgð.** **Tryggjum fjárhag bæjarins.** **Skuldahlutfall** og **skuldaviðmið** hækka, átti að lækka. **Óstjórn!**

TÆKIFÆRIÐ
ER NÚNA

Stefnu okkar í Mosfellsbæ má finna í heild sinni á: <https://midflokkurinn.is/mosfellsbaer>



FÉLAGSSTARFIÐ

GRILLVOR & BINGÓ 22. MARS 2025



UNGLIÐAGLEÐI Á BLIK BISTRÓ 23. OKTÓBER 2025



OPIN RÁÐSTEFNA UM FJÖLSKYLDUNA, BÖRN OG UNGMENNI Í HLÉGARÐI 11. NÓVEMBER 2025



MANNFAGNAÐIR Í MOSÓ, FUNDARHÖLD & STEFNUMÓTUN 2026



LANDSPING UNGLIÐAHREYFINGAR MIÐFLOKKSINS 18.-19. APRÍL 2026 Á BLÖNDUÓSI



LANDSPING UNGRA

Ný stjórn ungliðahreyfingar Miðflokksins var kjörin á Landsþingi hennar á Blönduósi dagna 18. - 19. apríl sl. Formaður var kjörinn Anton Sveinn McKee frá Garðabæ. Með honum í stjórn eru 6 og má þar nefna Mosfellinganna Nóa Prastarsson, kosningastjóra okkar, og Aldís Dröfn Ingvarsdóttir. Núi skipar 7. sæti á lista Miðflokksins í Mosfellsbæ og Aldís Dröfn 11. sæti fyrir komandi sveitastjórnkosningar sem fram fara 16. maí næstkomandi.

Aðrir sem kjómir voru í stjórn ungliðahreyfingarinnar eru: Kjartan Magnússon af Seltjarnarnesi, Salma Björk Önnudóttir og Bóas Sigurjónsson, bæði frá Reykjavík, auk Jódísar Helgu frá Sauðárkróki. Halldór Örn Írisarson, frá Reykjavík, var kjörinn 1. varamaður í stjórn. Við hér í Mosfellsbæ óskum nýrri stjórn til hamingju með kjörið og þökkum fráfarandi stjórn ungra fyrir vel unnin störf. Mikil uppbygging hefur verið innan ungliðahreyfingarinnar og fjölgun ungs fólks í flokknum áberandi. Fjölmargir ungliðar skipa nú sæti á listum Miðflokksins um land allt og því ber að fagna.



UMRÆÐAN

ORÐ ERU TIL ALLS FYRST

Aukum valfrelsi foreldra



Sóley Sævarsdóttir Meyer
4.sæti Miðflokksins Mosfellsbæ

Fyrstu árin í lífi barns fáum við aldrei aftur. Foreldrar þekkja börnin sín best og vita hvað hentar sinni fjölskyldu. Þrátt fyrir það upplifa margir foreldrar að valmöguleikar þeirra séu takmarkaðir þegar kemur að umönnun og uppeldi á fyrstu árum barnsins. Ein leið til að auka þetta svigrúm væri að innleiða heimgreiðslur fyrir foreldra ungra barna í Mosfellsbæ.

Hugmyndin felur í sér að foreldrar barna á leikskólaaldri, sem velja að vera lengur heima með börnin sín, geti fengið fjárhagslegan stuðning í stað þess að nýta sér leikskólalátt.

Slíkur stuðningur gæti verið hluti af því sem Mosfellsbær ver nú þegar í leikskólalátt barns. Það getur létt á leikskólakerfinu og verið hagkvæmur kostur sem styður við barnafjölskyldur. Í umræðunni um leikskólamálið hefur verið rætt um snemmaþæra innkomu barna í leikskóla og lögfestingu leikskólans. Lögfesting leikskólans er langtíamarkmið, heimgreiðslur eru raunhæf og skjót leið til að auka valfrelsi foreldra og bregðast við þörfum fjölskyldna nú þegar. Reynsla sveitarfélaga, sem hafa prófað sveigjanlegri nálganir, bendir til þess að eftirspurn eftir fjölbreyttum lausnum sé raunveruleg og að foreldrar kjósi ekki allir sömu leið.

Í 1. gr. Barnalaga segir að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Með heimgreiðslum geta foreldrar, sem telja það best fyrir sín börn að vera lengur heima, sett hagsmunum barna sinna í forgang án þess að fórna fjárhagslegu öryggi. Ég, ásamt fleiri foreldrum, hef valið að vera heima með börnin á fyrstu mikilvægu árum þeirra. Þar sem heimgreiðslur eru ekki í boði þurfa foreldrar, sem velja þessa leið, að hugsa út fyrir kassann, t.d. að annað foreldrið vinni meira eða foreldrar skiptist á vinnu og umönnun.

Heimgreiðslur myndu styðja við fjölskyldusamveru og sterkar fjölskyldur eru grunnurinn að sterku samfélagi. Fyrstu ár barns eru lykilár í tengslamyndun. Félagsþroski barna mótast fyrst og fremst í nánum og traustum samskiptum, ekki eingöngu innan veggja leikskóla. Heimgreiðslur geta aukið svigrúm foreldra til að tryggja nán tengsl á fyrstu mótunarárum barnsins.

Heima hefur elsta dóttir mín m.a. lært skrift, lestur og stærðfræði af miklum áhuga. Það hefur verið mjög gefandi að taka virkan þátt í náminu hennar. Ég vil leggja mitt að mörkum til að efla samstarf heimila og skóla og auka aðkomu foreldra að skólasterfi. Sumir foreldrar hafa lýst áhyggjum af efni sem börn fá kynningu á og telja mikilvægt að meira samráð og gagnsæi sé til staðar. Ég man eftir því þegar elsta dóttir okkar var 2-3 ára á leikskóla og ékk heim bókina „Orð eru ævintýri“, útgáfinni af Menntamálastofnun fyrir leikskólabörn. Í bókinni voru m.a. teikningar af nöktum börnum þar sem stóð „stelpa“, „strákur“ og „stálp“. Þarna er verið að kynna efni fyrir ungum börnum sem ekki allir foreldrar telja eigi heima í leikskóla. Þetta tengist stærra atriði um valfrelsi foreldra, traust í uppeldi, og því hvort foreldrar hafi næga aðkomu að því hvernig fyrstu ár barnsins eru mótuð.

FORELDRAR FÁI VAL

Fjölgun raunhæfra valkosta í Mosfellsbæ styður við fjölbreyttar fjölskyldur og styrkir samfélagið í heild.




UN DESA, hugveitan og deildin innan Sameinuðu þjóðanna, leggur áherslu m.a. á eftirfarandi:

„Við leggjum áherslu á að stuðla að fullri, afkastamikilli, viðeigandi og fullnægjandi launaðri og frjálsllega valinni atvinnu sem meginmarkmið efnahags- og félagsmálastefnu.“

Þegar við þróumst og vöxum upp sem velferðaríki er okkur öllum mikilvægt að standa vörð um frelsið, valfrelsið. Fjölskyldan á að geta notið þess.

www.lambhagi.is



Lambhagi

VISTVÆN RÆKTUN
MEÐ HREINU
ÍSLENSKU VATNI

Ferskara getur það ekki verið



Vistvæn ræktun með hreinu íslensku vatni

Lambhaga í Reykjavík er getið í fornum heimildum frá því um 1200 og þar var stundaður búskapur samfellt til ársins 1938. Árið 1979 endurreisti Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi búið og stofnaði þar gróðrarstöð. Árið 1991 kom Lambhagasalatið fyrst á markað og vann það fljótt hug og hjörtu neytenda. Vistvæn ræktun Lambhaga skilar hollu og góðu hráefni. Við alla framleiðslu eru eingöngu notaðar lífrænar varnir en ekkert eitur. Á Lambhagaplönturnar úðum við engu nema hreinu íslensku vatni, og ferðalagið úr gróðurhúsi í verlanir, tekur oft ekki nema nokkrar mínútur.



Lambhagi



Lambhagi Gróðrarstöð ehf - 113 Reykjavík - Sími 587-1447

Andleg liðan ungs fólks



Kristján Davíð Sigurjónsson
5. sæti Miðflokkssins í Mosfellsbæ

Farsældarlögin tóku gildi í janúar 2022 með það markmið að öll börn njóti sömu þjónustu óháð búsetu og að þjónustan verði samræmd. Þetta var mikilvægt skref og vísendingar eru um að lögin séu að virka – andleg heilsa og liðan barna og ungmenna, a.m.k. þeirra sem þjónustan nýtist fyrir, virðist eitthvað fara batnandi.

Mosfellsbær hefur tekið þátt í þessari vinnu. Nú er fóst viðvera sálfræðinga þar sem unglingar geta leitað beint til þeirra án þess að bóka viðtal fyrir fram. Bærinn er í samstarfi við „Bergíð headspace“ sem býður upp á gjaldfrjálsa viðtalstíma einu sinni í viku fyrir ungt fólk. Þetta er gott og það á að byggja á þessum grunni.

En við erum ekki komin nóg langt. Farsældarlögin eiga að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila. Þrátt fyrir þetta eru biðlistar enn langir og þjónustan kemur oft of seint. Þó mælingar sýni betri stöðu milli ára, finnur enn um helmingur stúlkna í 10. bekk reglulega fyrir einkennum depurðar. Þetta eru ekki tölur sem við getum sætt okkur við. Staða drengja er víða afar döpur. Það er miður

Farsældarlögin setja rétta ramma. En rammi er ekki nóg – hann þarf innihald. Það sem vantar í Mosfellsbæ er lægri þröskuldur inn í stuðningskerfið – sérstaklega fyrir þá sem hafa ekki efni á sálfræðiþjónustu. Ég vil leggja til að bærinn geri samning við sálfræðistofur þar sem ungt fólk og fjölskyldur þeirra geta fengið niðurgreidda eða fría ráðgjöf reglulega. Ekki sem langtímaeðferð, heldur sem fyrsti stuðningur – brú milli skóla, heilsugæslu og sérfræðiþjónustu. Þannig myndum við bæta við raunverulegu innihaldi í þann ramma sem farsældarlögin hafa skapað.

Sálfræðiþjónusta er dýr og sum heimili hafa ekki efni á henni þótt börn þeirra glími við kvíða eða depurð. Með niðurgreiddslum myndi Mosfellsbær senda skýr skilaboð: enginn á að sitja eftir vegna efnahags.

Kostnaðargreining sem unnin var í aðdraganda lagasetningarinnar leiddi í ljós að hagkvæmni breytinganna mun taka nokkur ár að koma að fullu í ljós. Fyrstu árin mun kostnaður vera hærrí en ávinningur en til lengri tíma litíð vegur ávinningurinn þó mun þyngra. Sama gildir um fjárfestingu í snemmtækum stuðningi – hún skilar sér ef unnið er vel að málum.

Andleg liðan er ekki aukaatriði. Hún er grunnurinn að heilbrigðu samfélagi. Farsældarlögin gáfu okkur tækifæri. Við þurfum nú að nýta það til fullnustu. Miðflokkurinn stendur með þér í þessum málum.

HEIMSMARKMIÐ SP: Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

Tafir í skipulagi hækka húsnæðisverð



Karl Gissur Þórisson
6. sæti Miðflokkssins í Mosfellsbæ

Þegar byggingar dragast á langinn, vegna tafa í skipulagi og leyfisveitingum, hækkar kostnaður. Sá kostnaður endar alltaf hjá íbúunum – þeim sem kaupa eða leigja húsnæði. Þetta er sjaldan sagt upphátt en þetta er raunveruleikinn.

Ég vinn í byggingargreininni og sé þetta á hverjum degi. Við sem þekkjum til finnum fyrir þessu.

Verktakar sitja uppi með fjármagnskostnað á meðan beðið er eftir afgreiðslu mála. Í núverandi vaxtaumhverfi þýðir hver mánuður í töf verulega hækkan á heildarkostnaði. Sá kostnaður hverfur ekki – hann flyst einfaldlega áfram til kaupandans. Rót vandans liggur í kerfinu sjálfu. Málsmeðferð er oft hæg og ófyrirsjáanleg. Ferlar eru flóknir jafnvel þegar um einföld mál er að ræða. Ábyrgð er óskýr – enginn ber formleg ábyrgð af töfum og þess vegna verða þær nær óhjákvæmilegar. Lausnir eru þó til staðar og eru ekki flóknar.

Í fyrsta lagi þurfa að vera skýr og bindandi tímamörk á afgreiðslu mála. Þegar stjórnsýslan hefur skilgreindan frest til að taka ákvarðanir eykst bæði skilvirki og fyrirsjáanleiki. Í öðru lagi þarf að mæla afköst kerfisins reglulega og birta þær niðurstöður opinberlega. Hversu langan tíma tekur að afgreiða byggingaleyfi? Hvar eru flöskuhálsarnir? Það sem er mælt má bæta. Til þess þarf að mæla og meta árangur.

HVER BORGAR?

Í þriðja lagi þarf aukið gagnsæi. Þegar ferlar eru skýrir og upplýsingar aðgengilegar geta verktakar skipulagt sig betur, fjárfestar tekið upplýstari ákvarðanir og almenningur séð hvernig kerfið virkar.

Þetta snýst í grunninn um lífskjör fólks. Húsnæðisverð er eitt stærsta efnahagslega viðfangsefni samtímans og sérstaklega fyrstu kaupendur finna fyrir hverri óþarfa hækkan. Tafir í byggingarferlum eru ekki ósýnilegar – þær birtast í hærra verði, meiri skuldum og færri möguleikum. Skilvirkari og bætt stjórnsýsla er ekki flókið umbótaverkefni. Þetta er spurning um vilja.

Landið allt & höfuðborgarsvæðið 2026	Landið	Höfuðbæ.
Skipulagsmál í vinnslu	1.006	232
Umhverfismál í vinnslu	51	2
Áætluð íbúðabörf til 5 ára	20.581	12.769
Íbúðir í byggingu	6.119	3.731
Fjöldi kaupsamninga í síðasta mánuði (mars 2026)	966	603
Fjöldi gilda leigusamninga	28.897	19.950
Fjöldi fasteigna	232.252	121.099
Fjöldi íbúða	169.348	105.574

Heimild: HMS, apríl 2026

Í FRÉTTUM ER
ÞETTA HELST!

VINSTRÍÐ TEFUR SUNDABRAUT

Það er þekkt að stjómkerfið er uppfyllt víða af tafastefnum. Vinstríð, t.a.m. í Reykjavíkurborg, hefur gert það að verkum að Sundabraut tefst enn. Meirihluti Samfylkingarinnar m.a. skipulagi byggð ofan í eitt hagkvæmasta vegstæðið fyrir Sundabraut, þ.e. í Vogunum. Nú er verið að tefja Sundabraut enn frekar og það í forni umhverfismats og tilsvareandi flækjustigs sem fundið er upp til að draga málið á langinn. Hvers vegna vilja vinstri menn ekki hagkvæmstu stofnvegaframkvæmdina á Íslandi í dag? Fréttir herma að það sé vegna þess að þá geta þeir ekki fært rök fyrir Borgarlínu en þeir vilja alla í hana þó svo að hún muni ekki auka lífsgæði heldur mun fremur draga úr þeim.

MEIRIHLUTINN Í MOSFELLSBÆ
SOFANDI?

Komið hefur í ljós að bæði meirihlutinn sem var látinn fara í kosningum árið 2022 og sá sem nú verður látinn fara í ár, þ.e. 16. maí næstkomandi, hafa verið sofandi. Þeir réðust í verkefni sem fóru langt framúr áætlunum. Annað tengdist Kvíslaskóla og hitt Sumarhúsum, nýjum leikskóla. Allt hefur þetta farið framúr áætlunum og orðið dýrara. Slíkt má aðeins rekja til fremur slægra samninga, sleifarlags við eftirlit og þá staðreynd að hönnuðum eru gefnar of frjálssar hendur til stöðugra breytinga á miðju ferli framkvæmda. Það væri nær að fá einhvern til að byggja þetta og leigja fremur af viðkomandi með sólarlagsákvæðum þar sem bærinn eignast húsnæðið síðar. Stjórnsýslan og forystumenn í bæjarstjórn hafa hreinlega sólundað skattfé okkar í Mosfellsbæ með því að tryggja ekki að vel sé farið með. Hver króna skiptir þarna máli.

VERMÆT TÆKIFÆRI Á ATVINNULÍFINU

Nú þegar vorar grænkar grasið og farfluglar koma frá fjarlægum löndum hingað til lands að verpa. Við Mosfellingar eigum nú kjörið tækifæri að fá atvinnufyrirtækin sem nú flýja úr Reykjavík til að skjóta hér rótum og hreiðra um sig. Nú þegar vorar að kosningum loknum er rétt að markaðssetja Mosfellsbæ betur fyrir meira atvinnulíf.

FRAMBODSLISTI MIÐFLOKKSINS FYRIR SVEITASTJÓRNARKOSNINGAR Í MOSFELLSBÆ 2026

Sæti	Nafn frambjóðanda	Starfsheiti/menntun
1	Sveinn Óskar Sigurðsson	Viðskipta- og hagfræðingur MSc
2	Ingibjörg Einarsdóttir	Tannsmiður og aðjunkt við Háskóla Íslands
3	Hjalti Árnason	Frumkvöðull
4	Sóley Sævarsdóttir Meyer	Lögfræðingur, ML. og söngkona
5	Kristján Davíð Sigurjónsson	Læknir
6	Karl Gissur Þórisson	Húsamiður
7	Nói Þrastarson	Háskólanemi
8	Sara Hafbergsdóttir	Rekstrarstjóri
9	Ólafur Vignir Þórarinsson	Véla- og orkutækni-fræðingur
10	Eyþór Bjarki Benediksson	Háskólanemi
11	Aldís Dröfn Ingvarsdóttir	Háskólanemi
12	Bjarki Þór Þórisson	Bensínafgreiðslumaður
13	Pétur Þór Ásgeirsson	Bóndi
14	Helga Diljá Jónsdóttir	Dýralæknir
15	Sigurjón Kristjánsson	Skipstjóri og athafnamaður
16	Jóhannes Birgir Jóhannesson	Framkvæmdastjóri
17	Mikael Árni Bergmann Þorsteinsson	Veiðileiðsögumaður
18	Linda Björk Stefánsdóttir	Matráður
19	Hlynur Hilmarsson	Bílstjóri
20	Friðbert Bragason	Viðskiptafræðingur
21	Sigurros K. Indriðardóttir	Hrossabóndi
22	Þorlákur Ásgeir Pétursson	Bóndi